

Rektor setti fund kl. 12.30.

Mættir voru auk hans:

Aðalheiður Ámundadóttir fulltrúi nemenda  
Þóroddur Bjarnason fulltrúi kennara  
Baldur Guðnason fulltrúi menntamálaráðuneytis  
Helga Hlín Hákonardóttir fulltrúi háskólaráðs  
Kristín Ástgeirsdóttir fulltrúi menntamálaráðuneytis

Aðrir mættir:

Guðrún María Kristinsdóttir ritari rektors  
Ólafur Halldórsson framkvæmdastjóri  
Úlfar Hauksson forstöðumaður

Gestir:

Bragi Guðmundsson formaður dómnefndar HA

---

Páll Skúlason fulltrúi háskólaráðs boðaði forföll.

Rektor kynnti dagskrá.

## 1. Fundagerð 283. fundar

Fundargerðin var borin upp og samþykkt.

## 2. Rekstraryfirlit janúar-ágúst

0901015

Úlfar skýrði út yfirlitið. Rekstrarkostnaður kennsludeilda og stoðþjónustu er 877.457 mkr. eða 64.82% af áætlun ársins. Rekstrarkostnaður vegna ýmissa annarra verkefna er 94.197 mkr. sem er 88.36% af áætlun. Samtals er rekstrar-kostnaður vegna þessarar liða 971.654 mkr. eða 66.54% af áætlun ársins en viðmiðið er 66.66%. Rekstur stofnana og setra með eigin tekjur er 112.815 mkr.

Í yfirlitinu er búið að taka tillit til niðurskurðar á kostnaður upp á 1% í samræmi við samþykkt háskólaráðs 28. ágúst sl. Í öllum tilvikum er um að ræða brúttótölur og á suma liði á eftir að færa tekjur á móti. Úlfar telur allar líkur á að niðurstaða ársins verði í samræmi við áætlun.

Rætt var um að yfirstjórn háskólans mótaði hugmyndir um framtíðarafnot af húsnæðinu á Borgum.

Rektor þakkaði Úlfari fyrir yfirlitið.

## 3. Niðurskurður fjárveitinga 2009 og 2010

Ólafur greindi frá því að vegna fyrirsjáanlegs niðurskurðar á opinberu fé til háskólans sé nauðsynlegt að gera rekstraráætlun fyrir árið 2011 jafnhliða áætlun ársins 2010. Tveggja ára áætlun þarf s.s. að liggja fyrir í nóvember næstkomandi. Rektor upplýsti að samstarfsnefnd HÍ og HA hefur verið skipuð til að fara yfir möguleg viðbrögð háskólanna við samdrætti í ríkisútgjöldum. Fyrir hönd HA sitja Ólafur Halldórsson og Steinunn Aðalbjarnardóttir í nefndinni. Rektor lagði áherslu á að mikið og víðtækt samráð yrði haft um sparnaðaraðgerðir innan HA.

Umræða varð um kjarnastarfsemi HA, sérstöðu meðal íslenskra háskóla, rannsóknavirkni og möguleika kennara á að afla og nýta rannsóknastyrki í gegnum evrópskt og/eða norrænt samstarf.

**4. Nafngiftir sviða og deilda á íslensku og ensku**

0908013

Rektor rökstuddir hugmyndir sínar um samræmd heiti á kennslueiningum við HA og HÍ, þ.e. *fræðasvið* og *deildir*. Samþykkt var að við HA verði þrjú fræðasvið sem skiptast í þrjár deildir hvert:

heilbrigðisvísindasvið (School of Health Sciences)

hug- og félagsvísindasvið (School of Humanities and Social Sciences)

viðskipta- og raunvísindasvið (School of Business and Science).

Deildir geta síðan skiptst í námsbrautir (Department).

**5. Dómnefndarálit**

0908027

Bragi Guðmundsson kom á fundinn og gerði grein fyrir tveim dómnefndarálitum:

Um framgang Áróunar Kr. Sigurðardóttur dósent-prófessor. Niðurstaða dómnefndar er að Árún sé hæf til að gegna starfi prófessors.

Um lektorshæfi Sigríðar Síu Jónsdóttur. Niðurstaða dómnefndar er að Sigríður Sía sé hæf til að gegna starfi lektors.

Háskólaráð staðfesti dómnefndarálitin.

Rektor þakkaði Braga fyrir og fór hann af fundi.

**6. Doktorsnám við Háskólann á Akureyri**

0902073

Háskólaráð samþykkti að stefna að því að taka upp doktorsnám við HA.

Rektor mun óska eftir framhaldi á vinnu samráðsnefndar um framhaldsnám til að fylgja eftir skýrslunni *Doktorsnám við Háskólann á Akureyri* frá 24. ágúst sl. Sótt verður um heimild fyrir doktorsnámi við HA á grundvelli fræðasviða og fræðigreina sem hafa fengið alþjóðlega viðurkenningu.

**7. Ráðning í stöðu við Heilbrigðisvísindastofnun HA**

0904014

Háskólaráð samþykkti ráðningu Sigríðar Síu Jónsdóttur í stöðu við Heilbrigðisvísindastofnun HA sem auglýst var laus með umsóknarfrest til 30. apríl sl.

**8. Stjórnskipulag viðskipta- og raunvísindasviðs HA**

0909050

Reglur um stjórnskipulag sviðsins voru samþykktar á fræðasviðsfundi 23. sept. sl. Háskólaráð samþykkir reglurnar.

**9. Reglur um námsmat**

0806075

Rektor fór yfir námsmatsreglurnar og gerði grein fyrir þeim breytingum sem orðið hafa í meðförum gæðaráðs og framkvæmdastjórnar á fundum í vikunni.

Háskólaráð samþykkir reglur um námsmat.

**10. Viðbragðsáætlun vegna influensufaraldurs**

0907001

Rektor kynnti viðbragðsáætlunina. Hann hyggst gera lítilsháttar breytingar og síðan verður áætlunin gerð aðgengileg á vef háskólans, og vakin athygli á henni. Háskólaráð fagnaði því að slík áætlun lægi fyrir.

**11. Önnur mál**

Aðalheiður vakti máls á því að skv. lögum eiga háskólar að setja reglur um réttindi og skyldur nemenda. Rektor tók undir mikilvægi þess og lagði til að búin yrði til handbók fyrir nemendur þar sem m.a. yrði vísað í þær reglur sem snerta rétt nemenda.

Helga Hlín benti á nauðsyn þess að gerðar yrðu handbækur fyrir nemendur sem og fyrir kennara, og bauðst til að aðstoða við þá vinnu. Hún spurðist fyrir um viðbragðsáætlun vegna kerfishruns, en skólinn hefur ekki sett sér slíka áætlun.

Kristín minnti á nýsamþykka jafnréttisáætlun. Rektor sagði að nú þegar væri unnið samkvæmt áætluninni og að því yrði fylgt enn frekar eftir.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 15.25.